

Alþingi  
Erindi nr. P 122/1988  
komudagur 24.4.198

PHS

ÞJÓÐHAGSSTOFNUN, KALKOFNSVEGI 1, 150 REYKJAVÍK, Sími: 569 9500, FAX: 562 6540


---

22. apríl 1998

*Nefndadeild Alþingis,  
Þórshamri v/Templarasund,  
150 Reykjavík*

Vísað er til beiðni sjávarútvegsnefndar Alþingis dagsett 20. apríl 1998, þar sem óskað er eftir umsögn um frumvarp til laga um stjórn veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum, 642. mál. Hér með fylgir umbeðin umsögn.

Virðingarfyllst,



Friðrik Már Baldursson,  
forstjóri

**Umsögn um frumvarp til laga um stjórn veiða  
úr norsk-íslenska síldarstofninum, 642. mál**

---

Meginefni frumvarpsins er að veiðum íslenskra skipa úr norsk-íslenska síldarstofninum skuli stjórnað með úthlutun aflaheimilda á einstaka skip, en ekki með frjálsri sókn uns sameiginlegum heildarafla er náð eins og verið hefur. Þetta er tvímælalaust mikil framför og skapar möguleika á að þessi síld fari til mannelisvinnslu að hluta en hingað til hefur þessi síld farið nær öll í bræðslu, enda hefur það skipt útgerðina mestu að ná í sem mest magn á sem skemmstum tíma en lítil áhersla verið lögð á að gera sem mest verðmæti úr aflanum. Þessi breyting yfir í stjórn með aflaheimildum mun auka til muna hagkvæmni þessara veiða.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að á næstu þremur árum verði aflaheimildum úthlutað til þeirra skipa sem stunduðu veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum á árunum 1995-1997 miðað við burðargetu skipanna að hluta (60% af a.m.k. 90% heildaraflans), að hluta verði aflaheimildunum skipt jafnt milli þeirra (40% af a.m.k. 90% heildaraflans), en allt að 10% aflaheimildanna verði úthlutað til þessara og annarra skipa samkvæmt sérstökum ákvörðunum sjávarútvegsráðherra. Þessi lög eiga einungis að gilda í þrjú ár og alls er óljóst um hvað þá tekur við. Í greinargerð með frumvarpinu er rætt um að vegna væntinga um að síldin muni aftur ganga mun nær landinu en verið hefur undanfarin 30 ár og aðrir bátar en þeir sem nú stunda veiðarnar muni þá geta stundað þessar veiðar á hagkvæman hátt þá hafi ekki verið talið rétt að "láta veiðireynslu sem myndast hefur við aðstæður sem væntanlega eru gjörólíkar þeim sem ríkja munu í framtíðinni ráða aflahlutdeild einstakra skipa."

Ljóst er að óhagræði mun fylgja þeirri óvissu sem verður um framtíðarskipulag stjórnunar á þessum veiðum. Þess verður vænst að varanlegum veiðiheimildum verði úthlutað eftir að þessu þriggja ára tímabili lýkur. Útgerðarmenn munu sennilega búast við að þegar kemur að úthlutun varanlegra veiðiheimilda verði miðað við aflareynslu eins og lög gera ráð fyrir. Þess vegna munu þeir reyna að veiða sjálfir þær veiðiheimildir sem þeir fá úthlutað þótt þær veiðar verði óhagkvæmar, enda er búist við því að varanlegar aflaheimildir úr norsk-íslenska síldarstofninum verði verðmætar. Einnig er líklegt að einhverjir muni velta vöngum yfir því hvernig endurúthlutun aflaheimilda úr norsk-íslenska síldarstofninum verði háttáð þegar (og ef) hann gengur inn á íslenska landgrunnid.

Frjálst framsal veiðiheimilda milli skipa stuðlar að hagkvæmum veiðum. Með því móti geta skipin aðlagð aflaheimildir sínar að gangi veiðanna og hagrætt með því að sérhæfa sig í þeim veiðum sem eru hagkvæmastar. Öllum takmörkunum á framsali fylgir því óhagræði. Draga má úr óhagræði vegna takmarkana á framsali innan ársins sem gildir í veiðum á helstu nytjastofnum innan íslensku lögsögunnar með því að selja og kaupa varanlegar aflaheimildir. Þar sem ekki er um neinar varanlegar aflaheimildir að ræða varðandi norsk-íslensku síldina, þá er þessi möguleiki ekki fyrir hendi. Ekki er þó víst að þær takmarkanir á framsali veiðiheimilda sem eru í frumvarpinu muni skipta miklu vegna þess að væntingar útgerðarmanna um úthlutun varanlegra veiðiheimilda á grundvelli aflareynslu munu líklega takmarka framsal aflaheimilda hvort eð er. Líklegt er einnig að þessar væntingar muni hafa afgerandi áhrif á verð á aflaheimildunum og valda því að verðið verði hátt sem aftur mun takmarka framsal þeirra.